

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1975.

Eignir :			
Veðskuldabréf	kr.	45 486 917.00	
Vaxtabréf	—	8 805 000.00	
Önnur lán	—	206 224.00	
			Kr. 54 498 141.00
Sjóðseign			— 186 155.00
Bankainnstæður			— 1 905 469.00
Óinnheimtir vextir			— 5 051 022.00
Skrifstofugögn			— 765 221.00
			Kr. 62 406 008.00

Skuldir :			
Innstæður í deildum:			
Aðaldeild	kr.	42 460 225.00	
Erfingjarentud.	—	6 216 324.00	
Útborgunardeild	—	6 937 073.00	
			Kr. 55 613 622.00
Vextir geymdir til útb. 1/3 1976			— 1 345 520.00
Geymslufé			— 708 471.00
Varasjóður 31. des. 1974	kr.	3 632 326.00	
Tekjuafgangur 1975	—	1 106 069.00	
			— 4 738 395.00
			Kr. 62 406 008.00

Reykjavík, 9. mars 1976.

Með tilvísun til skýrslu endurskoðanda staðfestir stjórn Söfnunarsjóðsins reikninginn.

Sigurður J. Briem.

Alvar Óskarsson.

Jóna Guðjónsdóttir.

Nr. 254.

6. maí 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fjallaslóð Enghlíðinga og Vindhælinga, Austur-Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. maí 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fjallasjóð Enghlíðinga og Vindhælinga, Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fjallasjóður Enghlíðinga og Vindhælinga.

2. gr.Sjóðurinn er að $\frac{2}{3}$ hluta í eign Engihlíðarhrepps og að $\frac{1}{3}$ hluta í eign Vindhælishrepps.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjafabréfi útgefnu að Efri-Mýrum, 4. júní 1974 og kunngjörður í samsæti á Blönduósi 15. s. m. af hjónunum Ragnhildi Þórarinsdóttur frá Jórvík, Hjaltastaðabínghá og Bjarna Ó. Frimanssyni frá Hvammi, Langadal, í tilefni þess, að á því vori láta þau af fimmtíu og eins árs samfelldum búskap að Efri-Mýrum í Engihlíðarhreppi, en þangað fluttu þau frá Hvammi laugardaginn 21. apríl 1923.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 102 000.00 — eitthundraðogtvöþúsund krónur — hinn 8. desember 1974, sem var giftingardagur þeirra hjóna fyrir fimmtíu og þrem árum, og skal varðveitast í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Blönduósi.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- 1) að verðlauna einstaklinga fyrir einstakan dugnað og snarræði við leitir og eftirleitir á fjallskilasvæði ofangreindra hreppa og/eða styrkja öryggisleitir sjálfbóðaliða eða fjallskilastjórna hreppanna,
- 2) að heiðra fyrir gestrisni, þær einstakar húsmæður eða þau heimili, sem á hverjum tíma hafa mestan eril og umsvif vegna leitarmanna.

Árlega skal leggja nokkurn hluta ársvaxta við höfuðstólinn. Höfuðstólinn og viðbótarfé, sbr. 4. gr. má aldrei skerða.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn, tveir kjörnir af hreppsnefnd Engihlíðarhrepps og einn kjörinn af hreppsnefnd Vindhælishrepps, ásamt jafnmörgum til vara. Formaður sjóðsstjórnar skal vera Enghlíðingur.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn og færa í hann gjafabréfið, dags. 4. júní 1974, skipulagsskrá þessa, fundagerðir, ársreikninga, styrkveitingar, og allt annað er sjóðinn varðar.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum hverju sinni, og er henni heimilt að bera tillögur sínar um úthlutun undir sveitarstjórnir hreppanna.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársskýrsla um starfsemi sjóðsins og reikningur fyrir næstliðið almanaksár skal fylgja sveitarsjóðsreikningum Engihlíðarhrepps, en hreppsnefnd Vindhælinga skal fá afrit af honum. Eignarhluti hvors hrepps skal færður á efnahagsreikning hlutaðeigandi hrepps.

Reikningar sjóðsins skulu vera endurskoðaðir af endurskoðendum Engihlíðarhrepps.

11. gr.

Ef breytingar verða á hreppaskipan, skulu þeir aðilar, sem að þeim loknum fara með fjallskilamál ofangreindra hreppa, taka við stjórn sjóðsins og inna af hendi þau störf, sem stjórn sjóðsins eru falin samkvæmt framanrituðu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.